

LÖG

um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt,
með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 1. mgr. 7. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 1/1988, bætist nýr töluliður er verði 23.
tölul. og orðist svo: Ábyrgðartryggingum ökutækja í eigu öryrkja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. maí 1988.***Þorsteinn Pálsson.****Þorvaldur Garðar Kristjánsson.**
(L. S.)**Magnús Thoroddsen.**

Jón Baldvin Hannibalsson.

Nr. 67

20. maí 1988

LÖG

um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Óheimilt er að flytja til Íslands vörur sem upprunnar eru í Suður-Afríku eða Namibíu.

Óheimilt er að flytja frá Íslandi vörur til Suður-Afríku eða Namibíu eða gera samning
um útflutning vara frá Íslandi þegar ljóst má vera við gerð samningsins að endanlegur
áfangastaður varanna er Suður-Afríka eða Namibía.

2. gr.

Utanríkisráðherra er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum 2. mgr. 1. gr. ef
mannúðarástæður mæla með því.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum eða allt að þriggja mánaða fangelsi þegar sakir eru miklar.

Með brot skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lögum þessum verður ekki beitt vegna innflutnings eða útflutnings sem á sér stað fyrir 1. janúar 1989 enda hafi verið samið um slík viðskipti fyrir gildistöku þessara laga.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Thoroddsen.

Steingrímur Hermannsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 40/1976, um sálfræðinga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 6. gr. laganna komi ný grein er verði 7. gr., svohljóðandi, enda breytist töluröð annarra greina í samræmi við það:

Enginn sálfræðingur má kalla sig sérfræðing í sérgrein innan sálarfræði nema hann hafi fengið til þess leyfi menntamálaráðuneytisins.

Ráðuneytið setur nánari ákvæði í reglugerð um skilyrði fyrir veitingu leyfis til að kalla sig sérfræðing í einhverri af sérgreinum sálarfræðinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. maí 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Birgir Ísl. Gunnarsson.